



Reikningsskilaráð ríkisins

44. Fundur – 12. júní 2020 kl. 10:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, Björn Þór Hermannsson og Ólafur Hjálmarsson
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 43. fundar samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2019 staðan.

Farið yfir stöðuna á vinnu við ríkisreikning 2019. Búið að loka öllum stofnunum og fjárlagaliðum. Enn er stefnt á að ríkisreikningur komi út fyrir lok júní.

3. Innleiðingaráætlun og frestun staðla.

Farið yfir erindi frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Fjársýslu ríkisins um ósk um að ráðið samþykki að fresta innleiðingu staðla. Einnig kemur fram að hugsanlega verði óskað eftir að fleiri stöðlum verði frestað þegar heildarmynd ríkisreiknings liggur fyrir.

Samþykkt með meðfylgjandi bókun.

Bókun reikningsskilaráðs á 44. fundi – 12. júní 2020

Reikningsskilaráð tók fyrir sameiginlegt erindi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Fjársýslu ríkisins dagsett 12. júní sl. þar sem óskað er eftir að reikningsskilaráð ríkisins heimili frestun á innleiðingu 5 IPSAS-staðla við uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2019. Er þar vísað til 52. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál þar sem kveðið er á um að reikningsskilaráð geti frestað tímabundið að taka upp hluta af stöðlum, enda liggja til þess málefnalegar ástæður. Þeir staðlar sem hér um ræðir eru:

IPSAS 13 um leigusamninga

IPSAS 35 um samstæðureikningskil

IPSAS 36 um fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og sameiginlegum verkefnum (að hluta)

IPSAS 37 um samrekstur (joint arrangement)

IPSAS 38 um upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum rekstrareiningum

Með erindinu fylgdi minnisblað Fjársýslu ríkisins þar sem gerð er málefnaleg grein fyrir ástæðum erindisins.

Á reglubundnum fundum reikningsskilaráðs að undanförunu hefur fjársýslustjóri jafnan haldið ráðinu upplýstu um framvindu uppgjörins á öllum stigum. Innleiðingaráætlun gerði ráð fyrir að við lok þriggja ára tímabilsins væru allir staðlar innleiddir við uppgjör ríkisreiknings 2019. Reynslan hefur sýnt að í sumum tilvikum er hreinlega skynsamlegt að fresta innleiðingu í ljósi endurskoðunar á stöðlum og aðrir kalla á lengri aðlögunartíma við vinnslu gagna.

Niðurstaða

Í ljósi upplýsinga og fram lagðra gagna hefur reikningsskilaráð ákveðið að heimila tímabundna frestun á innleiðingu framangreindra staðla við uppgjör ríkisreiknings árið 2019. Um leið leggur ráðið áherslu á að í skýringum við reikninginn verði gerð ítarleg grein fyrir þessum frestunum og áætluðum áhrifum þeirra. Jafnframt er óskað eftir að fyrir 1. nóvember nk. leggi ráðuneytið og Fjársýsla ríkisins fram tímasetta áætlun fyrir reikningsskilaráð um hvernig unnið verður að því að uppfylla kröfur umræddra staðla.

4. Erindi til reikningsskilaráðs.

Vinnuhópur hefur komið saman og byrjað að skoða erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um uppskiptingu Íbúðalánasjóðs í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Húsnæðissjóð og ÍL-sjóð.

5. Önnur mál

Ekki var fleira rætt og fundi slitið kl. 11:15

Næstu fundur miðvikudaginn 9. júlí kl. 09:00 og miðvikudaginn 9. september kl. 09:00.